

Jafnréttisfræðsla í skólum

Frá dauðum lagabókstaf
til jákvæðrar aðgerðaskyldu

Eygló Árnadóttir
MA í kynjafræði

Þorgerður Einarsdóttir
prófessor við stjórn málafræðideild
Háskóla Íslands

1. tbl. 6. árg. 2010
Fræðigreinar



Útdráttur

Í jafnréttislögum hafa verið ákvæði um jafnréttisfræðslu í skólakerfinu frá því slík lög voru fyrst sett hér á landi árið 1976. Þrátt fyrir þetta virðist meirihluti grunnskóla landsins ekki hafa skipulagða jafnréttisfræðslu. Í greininni er reynt að grafast fyrir um ástæður þess að lagaákvæði um jafnréttisfræðslu í skólum virðist almennt ekki skila sér út í grunnskóla landsins. Sjónum er beint að lagarammanum, ástæðum fyrir lögbindingu jafnréttisfræðslu, fyrirheitum og framkvæmdum stjórnvalda í málaflökkuum. Ákvæðið um jafnréttisfræðslu er skoðað með hlidsjón af þróun jafnréttislaganna í heild. Rýnt er í þingumræður, aþugasemdir við lagafrumvörp og umsagnir. Þá er fjallað um jafnréttisákvæði grunnskóla-laga, lög um háskóla og lög um menntun og ráðningu kennara og skólástjórna. Í greininni er sýnt fram á að margvíslegir þættir draga úr gagnsemi lagaákvæðisins um jafnréttisfræðslu í skólakerfinu. Ber þar hæst skort á vilja til markvissra aðgerða. Hann birtist bæði í tregðu við að útfæra nánar markmið, aðgerðir og framkvæmdir, sem og í vöntun á fjármagni til málaflöksins. Þessi tregða skýrist að hluta til af þeim skilningi að þugarfarsbreyting sé það sem til þarf og hana sé ekki hægt að kalla fram með lagabókstaf eða handaflí. Ítrekaðar fyrirspurnir og þrýstingur á Alþingi yfir 30 ára tímabil hafa litlu skilað. Lagaákvæðið um jafnréttisfræðslu er þó ekki „dauður lagabókstafur“. Það er sannarlega magurt og máttvana en með raunverulegum pólitískum vilja, skýrari markmiðssetningu, samræmi milli laga, fjármagni og þekkingu ætti að vera hægt að glæða það lífi og koma á jákvæðri aðgerðaskyldu.

Inngangur

Í 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, segir að áhersla skuli lögð á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skuli þannig úr garði gerð að kynjunum sé ekki mismunað og kynjasambættingar gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla og uppeldisstarfi. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli nemendur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf. Í lögnum segir að menntamálaráðuneytið skuli fylgjast með að jafnréttis kynjanna sé gætt í skólasterfi, og fylgjast með þróun jafnréttismála á þeim sviðum. Innan ráðuneytisins skuli starfa jafnréttisráðgjafi sem fylgja á eftir ákvæðum þessarar lagagreinar og veita viðkomandi aðilum ráðgjöf í jafnréttismálum. Þá segir að rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi skuli efla og niðurstöðum þeirra markvissst miðlað til skóla og fjölmiðla (lög nr. 10/2008).

Jafnréttislög hafa haft ákvæði um jafnréttisfræðslu í skólakerfinu frá því slík lög voru fyrst sett hér á landi árið 1976. Þar hefur verið kveðið á um að nemendur í skólum landsins skuli hljóta fræðslu um jafnréttismál. Sama er áreittað í lögum um grunnskóla frá árinu 2008. Þrátt fyrir þetta virðist meirihluti grunnskóla landsins ekki hafa skipulagða jafnréttisfræðslu (Eygló Árnadóttir 2009, Guðný Guðbjörnsdóttir e.d.). Grein þessi er hluti af stærri rannsókn um margþættar ástæður þess að lagaákvæði um jafnréttisfræðslu í skólum virðist almennt ekki skila sér út í grunnskóla landsins (Eygló Árnadóttir 2009). Hér er sjónum beint að

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

lagarammanum, fyrirheitum og framkvæmdum stjórnvalda í málaflokknum. Rýnt er í ástæður fyrir lögbindingu jafnréttisfræðslu í þingumræðum, athugasemdir við lagafrumvörp og umsagnir. Ákvæðið um jafnréttisfræðslu er skoðað með hliðsjón af þróun jafnréttislaganna í heild. Þá er fjallað um jafnréttisákvæði grunnskólalaga, lög um háskóla og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna. Í greininni er leitast við að svara þeirri spurningu hvar sé að finna helstu ástæður þess að lagaákvæðið um jafnréttisfræðslu þjónar ekki markmiði sínu, hvort það er í raun „dauður lagabókstafur“ og ef svo er, hvernig megi glæða það lífi með jákvæðri aðgerðaskyldu.

Þróun jafnréttishugtaksins

Þróun íslenskra jafnréttislaganna hefur fylgt alþjóðlegri þróun jafnréttishugtaksins. Frá því fyrstu lögin voru sett árið 1976 hafa þau verið endurskoðuð fjórum sinnum; 1985, 1991, 2000 og 2008. Inntak laganna og andi hefur tekið mið af alþjóðlegum skilningi jafnréttishugtaksins en í jafnréttisfræðum er talað er um þrjú áherslustig. Fyrsta áherslan var á jafnan rétt og bann við mismunun (e. equal treatment eða equal rights) og er rakin til Rómarsáttmálans frá 1957. Sú nálgun beinist að jöfnum lagalegum réttindum án þess þó að hrófla við samfélagsumgjörðinni. Önnur áherslan var á sértækar aðgerðir og ruddi sér til rúms á 8. og 9. áratugnum (e. affirmative/positive action). Með henni var viðurkennt að eins meðhöndlun fyrir alla geti aukið mismunun og skapa þurfi konum hagstæðari skilyrði þar sem þær standa höllum fæti við núverandi aðstæður. Ráðandi kerfi voru þó sjaldan véfengd og í reynd var konum ætlað að aðlagast þeim aðstæðum sem fyrir voru. Þriðja áherslan var á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða (e. gender mainstreaming) á 9. og 10. áratugnum. Með henni var gengið lengra og ekki lengur einblínt á meintan ófullkomleika kvenna heldur þau samfélagslegu kerfi, stofnanir og aðstæður sem sniðin voru að öðru kyninu frekar en hinu, þ.e. körlum fremur en konum (Rees 1998; Þorgerður Einarsdóttir 2002, 2007).

Alþjóðaáherslur í mannréttinda- og jafnréttismálum hafa þróast í átt að aukinni athafnaskyldu stjórnvalda, frá því að horfa einungis til hvernig megi útrýma formlegu og lagalegu misrétti (Brynhildur Flóvenz 2007). Þetta endurspeglast vel í kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem jákvæð aðgerðaskylda og frumkvæði eru ítrekuð með orðalaginu „[a]ðildarríkin skul[i] gera allar viðeigandi ráðstafanir“ (Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum 1985). Þessa þróun má einnig greina í sögu jafnréttislaganna hér á landi (Brynhildur Flóvenz 2007).

Jafnréttislög 1976: Hvaða hugtök, hvaða hraði?

Ísland var fyrst Norðurlandanna að setja sér lög um jafnstöðu kvenna og karla árið 1976 (nr. 78/1976) og er, ásamt hinum Norðurlöndunum, talið í fylkingarbrjósti í jafnréttismálum á alþjóðavísu (Auður Styrkárssdóttir 1999; Hausmann o.fl.

2009). Í jafnréttismálum er Ísland þó langt að baki öðrum ríkjum Norðurlanda þegar kemur að skóla- og menntakerfinu. Sem dæmi má nefna að bæði Svíar og Norðmenn hafa unnið markvisst og umfangsmikið starf í þessum málaflokki um árabíl.¹

Gunnar Thoroddsen, Sjálfstæðisflokki, þáverandi félagsmálaráðherra, mælti fyrir fyrsta frumvarpinu. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að miklar vonir voru bundnar við að lögin myndu marka verulegt spor til að breyta ríkjandi viðhorfum og flýta því að fullt jafnrétti kynjanna næðist í reynd (Brynhildur Flóvenz 2007). Í frumvarpinu sagði að lögunum væri ætlað að stuðla að jafnrétti og jafnstöðu kynja á öllum sviðum. Þessu var breytt í meðförum þingsins og allsherjarnefnd felldi út orðin „á öllum sviðum“ svo eftir stóð: „Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla.“ Svo virðist sem þingmenn hafi óttast að fyrrgreinda orðalagið þýddi að of langt væri seilst inn í einkalíf fólks (Brynhildur Flóvenz 2007, 9). Margt fleira ber vott um varfærni. Þessi fyrstu lög um jafnrétti voru í samræmi við alþjóðlega áherslu á jafnan rétt og jöfn tækifæri. Þau voru „kynhlutlaus“, eins og Brynhildur Flóvenz orðar það, þ.e. af lögunum sjálfum var „engin leið að átta sig á því hvort annað kynið hafi verið í verri stöðu en hitt“ (Brynhildur Flóvenz 2007, 9).

Fjörugar umræður spunnust á Alþingi um þetta fyrsta frumvarp til jafnréttis-laga og hugtökin *jafnstaða* og *jafnrétti* urðu tilefni skoðanaskipta. Hugtakið *jafnréttur* vísar í lögformlegan rétt og bann við mismunun eins og að framan greinir, meðan *jöfn staða* hefur skírskotun í raunverulegar aðstæður kynjanna eða jafna útkomu (Dahlerup 2006). Nú er almennt talið að lagalegri mismunun hafi verið útrýmt og jafnréttisstarf snúist því um að jafna stöðu, að uppræta óbeina mismunun og kynjuð viðhorf sem takmarka frelsi og athafnarými (Þorgerður Einarsdóttir 2002).

Svava Jakobsdóttir, Alþýðubandalagi, gerði hugtökin að umtalsefni og spurði hvort orðið jafnstaða væri ekki beinlínis villandi í þessu samhengi; þótt öll þessi lagaákvæði væru góð og gild, sjálfsögð, eðlileg og nauðsynleg, þá væru það ekki lagaákvæðin ein sem tryggðu að kynin stæðu jöfn. Meira þyrfti að koma til (Svava Jakobsdóttir 1976a). Óhætt er að segja að Svava hafi reynt sannspá. Umræðan um að lög sem tryggi jafna stöðu en ekki eingöngu jafnan rétt varð sífellt háværi og krafa um markvissar aðgerðir. Sá grunni skilningur sem þarna birtist virðist hafa verið véfengdur og strax í næstu endurskoðun er heiti laganna breytt í *lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla* og hafa lögin haft þá yfirskrift allar götur síðan.

¹ Fyrir Svíþjóð, sjá t.d. „Delegationen för jämställdhet“ á slóðinni www.jamstallldhetiskolan.se; fyrir Noreg sjá „Handlingsplan for likestilling i barnehage og grunnopplæring 2008–2010“, Kunnskapsdepartementet (2008) á slóðinni http://www.regjeringen.no/upload/KD/Vedlegg/Likestilling/KD_Handlingsplan%20for%20likestilling_web_09.08.pdf.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Strax í þessum fyrstu lögum um jafnrétti er kveðið á um jafnréttisfræðslu. Í umsögn um frumvarpið segir að fræðsla og kennslutæki hafi mikil áhrif á mótun viðhorfa barna til jafnstöðumála kvenna og karla. Því sé eðlilegt að krefjast þess að öll fræðsla og námsgögn byggist á jafnstöðusjónarmiðum. Í 7. gr. laganna segir að í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skuli veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kynjuð hlutverkaskipting, sér í lagi í námi og starfi, virðist alla tíð hafa verið þingmönnum hugstæð ef marka má umræður á Alþingi um jafnréttisfræðslu í skólum. Áherslan hefur frá upphafi verið á jafnstöðumiðaða starfsfræðslu þar sem reynt yrði að sporna við því að atvinnumarkaðurinn flokkaðist í hefðbundin kvenna- og karlastörf. Gjarnan var einblínt á kennslubækur og kennslutæki sem talin voru mismuna kynjunum.

Í umræðunum 1976 er tekist á um eðli breytinganna, að hvaða marki skuli gripið til aðgerða og hvort of hraðar breytingar séu vænlegar til árangurs. Um jafnréttisfræðslu sagði Gunnar Thoroddsen félagsmálaráðherra að það væri almennt viðurkennt að eitt af verkefnum skólanna væri að stuðla að jafnrétti kynjanna (Gunnar Thoroddsen 1976). Undir það tók Geirþrúður H. Bernhöft, flokkssystir Gunnars, en sagði þó ljóst að allt tæki sinn tíma. Í Noregi væri endurskoðun námsbóka til dæmis sífellt í gangi og búast mætti við að á Íslandi yrði þetta einnig löng barátta (Geirþrúður H. Bernhöft 1976).

Önnur þingkona Sjálfstæðisflokksins, Sigurlaug Bjarnadóttir, sagði laga-greinina um menntun og skólastarf sjálfsgæða, og að skólar landsins væru raunar farnir að vakna til meðvitundar um að þarna þyrfti að verða breyting á. Hún lagði þó áherslu á að lögin fælu í sér grundvallarbreytingar sem yrðu ekki framkvæmdar með einu pennastriki eða lagaboði. Hugsunarháttur og viðhorf manna væru margfalt erfiðari viðureignar til breytinga en annað. Því mælti hún eiginlega gegn því að lögin kvæðu of fast á. Það væri hyggilegra að fara sér nokkuð hægt í að fastbinda í lögum atriði sem stríddu á móti rótgrónum venjum gegnum margar kynslóðir: „Í áhuga okkar á að koma á hinni fullkomnu jafnstöðu þarf að fara með nokkurri gát. Það getur verið óheillavænlegt að fara of geyst, við kunnum að missa jafnvægið og jafnvel tapa áttunum“ (Sigurlaug Bjarnadóttir 1976).

Andstæð sjónarmið komu fram hjá Vilborgu Harðardóttur, Alþýðubandalagi, sem vildi skerpa lagagreinina um fræðslu. Hún taldi ekki nægilega lengt gengið með því að kennslugögn skyldu ekki mismuna kynjunum og lagði fram breytingartillögu um að kennslugögn skyldu einnig miða að því að uppræta úrelta hlutverkaskiptingu kynjanna (Vilborg Harðardóttir 1976). Tillaga Vilborgar var ekki samþykkt. Af umræðunum er ljóst að andstaða var við að grípa til aðgerða og sumir þingmenn töldu of hraðar breytingar ekki vænlegar til árangurs. Athyglisvert er að þingumræða um jafnréttisfræðslu árið 2008, sem fjallað er um hér á eftir, er keimlík því sem hún var árið 1976, þótt meira en þrjú áratugir séu þar á milli.

Endurskoðun 1985: Kvenfrelsi, hugarfarsbreyting

Pegar ný jafnréttislög gengu í gildi árið 1985 höfðu tvær tilraunir verið gerðar til endurskoðunar, annars vegar í ljósi reynslunnar af þeim, hins vegar til samræmingar við jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og norrænt samstarf í málaflokknum. Frumvarp leit dagsins ljós vorið 1983 og spunnust um það miklar umræður. Hins vegar urðu ríkisstjórnarskipti á tímabilinu og ekkert varð af endurskoðun laganna fyrr en árið 1985. Í bæði skiptin var tekist á um að hvaða marki skyldi gripð til aðgerða til að bæta stöðu kvenna. Þótt lögin væru enn að mestu kynhlutlaus var það nýmæli að í 3. gr. laganna frá 1985 var heimilt að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða til að bæta stöðu kvenna (Brynhildur Flóvenz 2007).

Þessi þróun í átt að aðgerðum og athafnaskyldu rataði þó ekki inn í ákvæðin um jafnréttisfræðslu. Í 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, nr. 65/1985, segir að í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skuli veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslutæki og kennslubækur skuli ekki mismuna kynjum. Við náms- og starfsfræðslu skuli leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laganna. Menntamálaráðuneytið beri ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð. Í umræðunum benti Svavar Gestsson, Alþýðubandalagi, á að þarna væri í fyrsta sinn nefndur ábyrgðaraðili fyrir ákvæðum jafnréttislaga um skólastarf. Að mati Jafnréttisráðs, sem átti að sjá um framkvæmd laganna, var það nauðsynlegt þar sem menntunarákvæðið í fyrri lögum hefði verið ördugt viðfangs. Í þeim var ekki kveðið á um ábyrgð fræðsluyfirvalda og ekki í valdi Jafnréttisráðs að koma á fræðslu um jafnréttismál (Svavar Gestsson 1985).

Mikill fjórkippur varð í jafnréttisumræðunni á 9. áratugnum, sem skýrist m.a. af Kvennaframboðinu sem bauð fram til sveitarstjórna árið 1982 og Kvinnalistanum sem bauð fram til Alþingis 1983. Ljóst er að Kvinnalístanur á þingi áttu drjúgan þátt í að þróa sjónarmið og skerpa hugtök umræðunnar. Í ljósi sögunnar kann það að vekja athygli að Kvinnalístanur voru ósáttar við ákvæði frumvarpsins 1985 um að leitast skyldi við að breyta kynbundnu starfs- og námsvali.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kvinnalista, sagðist í umræðum um endurskoðun laganna 1985 ekki endilega telja það réttu leiðina og minnti á að þótt konur sæktu sífellt meira á hefðbundinn vettvang karla væru karlar mun tregari til að sinna hefðbundnum kvennastörfum: „Ég held að það sé vænlegra að fara frekar þá leið að störf og námsbrautir séu jafnréttáar en að beina bæði konum og körlum inn á sömu brautirnar. Hver á þá að stunda þau störf sem ekki teljast karlastörf í dag eða stunda þær greinar sem konur eru í meirihluta í dag? Það gefur auga leið að þær starfsgreinar munu ekki leggjast niður og umrædd störf munu ekki leggjast af þótt slík breyting ætti sér stað og við stæðum því eftir með sama vandamálið og áður“ (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1985). Sigríður Dúna taldi lausnina felast í breyttu starfsmati og lagðist því eindregið gegn þeirri áherslu jafnréttisfræðslu að breyta hefðbundnu starfs- og námsvali kvenna og karla.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Þessar áherslur voru í samræmi við hugmyndafræði Kvinnalistsans en stefna hans byggðist hugmyndum um *kvennamenningu* og *sérstakan reynslubeim kvenna* (Kristín Jónsdóttir 2007). Kvinnalistasakur gerðu skýran greinarmun á hugtökunum *jafnrétti* og *kvenfrelsi*. Þær höfnuðu jafnréttishugtakinu á þeim forsendum að karlinn væri þar viðmið og konur frávíkið (Kristín Jónsdóttir 2007, 49). Þær gagnrýndu að hefðbundnum gildum og hlutverkum karla væri gert hærra undir höfði en menningu kvenna og kröfðust jafnrar virðingar kynjanna. Þessi stefna hefur verið kennd við gildisfémínisma sem leggur meiri áherslu á að jafna gildismat kynjanna en að gera kynin jöfn eða eins (Ásta Kristjana Sveinsdóttir 2002). Sigríður Dúna sagði í umræðum 1985 að Kvinnalistsinn hafnaði þeim skilningi á jafnréttishugtakinu sem lá til grundvallar frumvarpinu og því mæltu Kvinnalistasakur ekki með samþykkt frumvarpsins. Hún vísaði í stefnuskrá Kvinnalistsans þar sem sagði: „Við setjum á oddinn hugmyndir um kvenfrelsi sem fela í sér rétt kvenna til að vera metnar á sínum eigin forsendum til jafns á við karla. Við leggjum til hliðar hugmyndir um jafnrétti sem fela í sér rétt kvenna til þess að fá að vera eins og karlar“ (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1985).

Þessi skoðun einskorðaðist þó ekki við þingkonur Kvinnalistsans og að einhverju leyti myndaðist þverpólítísk kvennasamstaða á þingi um að jafna skyldi gildismat kynjanna. Það er athyglisvert í ljósi þess að Kvinnalistasakur lögðu áherslu á þriðju viddina í stjórnmalum en það var kynið sem sameinaði konur þvert á hefðbundnar pólítískar markalínur (Kristín Jónsdóttir 2007, 47). Ragnhildur Helgadóttir, Sjálfstæðisflokkur, tók t.d. undir með Sigríði Dúnu og sagðist ekki sjá vandamál við kynjaskiptan atvinnuveg. Aðalatriðið væri að skilningur væri á báða bóga á mikilvægi þessara starfa og að kyn yrði ekki hemill í starfsvali. Ragnhildur mælti þó með fræðslu í fjölskyldulífi, sem stuðlaði að jafnrétti karla og kvenna með því að jafna heimilisábyrgð og þar með vinnuábyrgð kynjanna. Hún sagði mikilvægasta atriðið í öllu skólustarfi í þessu sambandi að veita drengjum meiri menntun á sviði heimilis- og fjölskyldufræða, svo sem umönnun barna, til að auka þennan skilning á báða bóga. Algengara væri nú en áður að karlar og konur væru samhent í heimilishaldi, enda hefðu ungir heimilisfeður fengið allt annars konar menntun að þessu leyti en næsta kynslóð þar á undan. Án slíks hugarfars, sem fengist með uppeldi og menntun, næðu lög sem þessi ekki tilgangi sínum (Ragnhildur Helgadóttir, 1985).

Afstaða Ragnhildar Helgadóttur er athyglisverð og felur í sér vissa mótsögn. Í fyrsta lagi hafa Sjálfstæðismenn, í anda hefðbundinnar frjálslyndisstefnu, gjarnan staðið vörð um friðhelgi einkalífsins. Þannig segir t.d. í bókinni *Fjölskyldan í frjálssu samfélagi* sem Hvöt, Landsamband Sjálfstæðiskvenna, gaf út árið 1980: „Verkaskipting á heimilinu er einkamál heimilismanna sjálfra. Allir þurfa að nærast og klæðast, og það kemur jafnréttisbaráttu ekki við, hverjir sinna slíku fyrir hvern“ (Inga Jóna Þórðardóttir 1980, 125). Hugmyndir Ragnhildar ganga þvert á þessa hugmynd. Hún vildi jafna heimilisábyrgð kynjanna og gerði ráð fyrir að það héldist sjálfkrafa í hendur við jafnari ábyrgð í atvinnulífinu. Hvorki Ragnhildur né Kvinnalistasakurnar mæltu þó með því að jafna kynjaskiptingu

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

atvinnulífsins. Þarna sameinuðust Sjálfstæðiskonur og Kvinnalistakonur um þau rök að vinna bæri að því að jafna kynjahlutföll á milli heimilis og atvinnu en ekki á milli starfsstétta.

Óhætt er að fullyrða að ójöfn ábyrgð kynjanna á heimilinu og í atvinnulífinu er tengd og því nauðsynlegt að vinna að jafnari stöðu á báðum sviðum (Gyða Margrét Pétursdóttir 2009). Samkvæmt hinni samfélagslegu kynjaskiptingu er heimilið hefðbundið vígi kvenna og launavinna hefðbundið vígi karla. En hin samfélagslega verkaskipting felur jafnframt í sér aðgreiningu kynja á vinnumarkaðinum sem birtist í karla- og kvinnastéttum. Kristín Halldórsdóttir, Kvinnalista, sagðist í þessari umræðu telja lagasetningu engu, eða harla litlu, breyta. Til að ná fram jafnrétti kynjanna þyrfti fyrst og fremst hugarfarsbreytingu og slík hugarfarsbreyting yrði ekki lögskipuð. Hún teldi vænlegra að vinna að bættum hag kvenna með því að taka á þáttum sem valdið gætu hugarfarsbreytingu (Kristín Halldórsdóttir 1985). Það felst áhugaverð mótsögn í því að mótmæla lagafrumvarpi sem m.a. kveður á um skólafræðslu um jafnrétti kynja með það að markmiði að valda hugarfarsbreytingu.

Framkvæmdir 9. áratugarins: Fjárskortur, fundir, viðræður

Í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála til Alþingis sem lögð var fram í desember 1986 er að finna efnisgrein um jafnréttisfræðslu í skólum sem hvíldi á Jafnréttisráði samkvæmt gildandi lögum (lög nr. 65/1985). Fram kemur fram að ráðið hafði lítið sinnt fræðsluákvæðinu utan „dagskrár“ um jafnréttismál haustið 1985 í samvinnu við Námsgagnastofnun og fleiri aðra aðila. Jafnréttisráð viðurkenndi að geta ekki sinnt fræðsluskyldunni og lagði til að kennari yrði ráðinn til að skipuleggja jafnréttisfræðslu í skólum. Menntamálaráðuneytið hefði farið fram á stöðuheimild til þessa verkefnis: „Það verður að segjast eins og er að sökum manneklu á skrifstofu ráðsins hefur Jafnréttisráð ekki getað sinnt fræðsluhlutverki sínu sem skyldi“ (Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 1986).

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum var rædd á Alþingi í febrúar 1987. Í umræðum var mest rætt um almenna stöðu kvenna og þingmenn gagnrýndu stjórnvöld fyrir áhugaleysi og skort á aðgerðum. Sigríður Dúna vék sérstaklega að jafnréttisfræðslu og gagnrýndi harðlega slaklega frammistöðu stjórnvalda. Hún sagðist ekki geta séð mikinn áhuga hjá íslenskum stjórnvöldum að framkvæma þau jafnréttislög sem þau hefðu sjálf sett. Ekki hefði t.d. tekist að fá eina stöðuheimild til að Jafnréttisráð gæti sinnt fræðsluhlutverki sínu: „Það nær ekki nokkurri einustu átt að búa svo í haginn að ráðinu sé ekki fært að gegna þeim skyldum sem á það eru lagðar samkvæmt lögum og sýnir e.t.v. einna best [...] að til lítils er að samþykkja ný jafnréttislög ef hvorki er vilji né möguleiki til að framfylgja þeim. Þá skipta slík lög akkúrat engu máli. Þau eru varla pappírins virði“ (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1987d). Hjörleifur Guttormsson (1987a), Alþýðubandalagi, tók undir þetta og kallaði í hæðni framkvæmdaáætlunina stór-

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

mannlega. Allt sem lyti að fræðslumálum og menntun þyrfti að vera í stöðugri vinnslu. Jafnréttisfræðsla, fræðsla um fjölskyldumál, endurskoðun námsefnis og menntun kennara væru sjálfsagðir hlutir, þar sem átaks væri þörf til að ná fram leiðréttingu (Hjörleifur Guttormsson 1987a).

Nokkrum dögum eftir þessa umræðu í febrúar 1987 lagði Sigríður Dúna fram fyrirspurn til félagsmálaráðherra, Alexanders Stefánssonar, Framsóknarflokki, um framkvæmd jafnréttisfræðslu í skólum. Sigríður Dúna reifaði stuttlega að jafnréttisfræðsla væri grundvallaratriði í því að auka skilning á því hvað væri jafnrétti, hvers vegna það væri mikilvægt og hvar því væri einkum ábótavant. Fyrirspurnin sjálf var einföld og beinskeytt, hún vísaði í gildandi lög um jafnréttisfræðslu og hljóðaði svo: „1. Hvernig hefur verið staðið að jafnréttisfræðslu í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum frá samþykkt laga um jafnrétti kvenna og karla árið 1976? 2. Hvernig er framkvæmd jafnréttisfræðslu háttað nú?“ (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1987a).

Í svari ráðherrans kom fram að þegar árið 1977 hefði verið hafist handa við að koma á jafnréttisfræðslu og -umræðu í grunnskólum. Árið 1978 hefði verið haldinn fundur með námsstjórum, Jafnréttisráði og ráðgjafarnefnd ráðsins og í framhaldinu stofnaður starfshópur um samvinnu við útgáfu námsbóka. Þessi hópur hefði þó aldrei tekið til starfa. Málið hefði verið tekið upp að nýju árið 1981 og ráðgjafarnefnd Jafnréttisráðs lagt áherslu á að jafnréttisfræðsla yrði tekin upp í grunnskólum. Farið hefði verið yfir námskrár í ýmsum greinum og fundir haldnir með námsstjórum. Samstarf hefði tekist við Námsgagnastofnun um yfirlestur á nýútgefnu námsefni. Árið 1982 var fram haldið með kynningar og yfirlestur á námsefni; 1985 var haldin sú dagskrá Námsgagnastofnunar sem getið var hér að framan; 1986 var haldið námskeið á vegum Kennaraháskóla Íslands; 1987 áttu sér stað viðræður við Kennaraháskólann um námskeið um viðhorfsbreytingu meðal kennara. Ráðherrann sagði ríkisstjórnina vilja taka þessi mál föstum tökum og að hann myndi að sjálfsögðu beita sér fyrir viðræðum um frekari framgang jafnréttismála í skólum (Alexander Stefánsson 1987).

Endurskoðun 1991: Aukin aðgerðaskylda – nema í fræðslu

Þegar jafnréttislögin voru endurskoðuð árið 1991 hafði ein tilraun verið gerð til endurskoðunar sem ekki náðist samstaða um, árið 1989. Með lögnum frá 1991 (nr. 28/1991) urðu margvíslegar breytingar þar sem tekin voru skref í átt að aukinni aðgerða- og athafnaskyldu og markvissara starfi til að bæta stöðu kvenna, t.d. kærunefnd jafnréttismála (Brynhildur Flóvenz 2007). Þessi þróun tekur þó einna minnst til 10. gr. laganna sem snýr að skóla og menntun. Þrátt fyrir að sú grein sé örlítið lengri og nákvæmari en fyrir er ekki kveðið á um aukna aðgerðaskyldu. Þar segir að kynjum skuli ekki mismunað í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum, hvorki í námi og kennslu, almennum starfsháttum eða daglegri umgengni við nemendur. Á öllum skólastigum skuli veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Þess skuli gæta sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Tilgreint er að menntamálaráðuneytið beri ábyrgð á framkvæmd þessarar greinar í samráði við Jafnréttisráð. Ráðuneytið skuli fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi, m.a. með reglubundnum rannsóknnum.

Athygli vekur að orðalagi er breytt þegar kemur að náms- og starfsfræðslu. Í lögnum frá 1985 segir að leitast skuli við að *breyta* hefðbundnu náms- og starfsvali kynjanna, en í lögnum frá 1991 segir að *kynna* skuli báðum kynjum hefðbundin karla- og kvennastörf. Orðalagið í eldri lögnum gengur lengra og með orðalagsbreytingunni er veiktur sá ásetningur að breyta kynjaskiptingu starfa. Hér virðast frjálshyggjusjónarmið hafa fengið hljómgrunn með áherslu á einstaklingsfrelsi og valfrelsi, en þau sjónarmið vanmeta stórlega hversu áhrifamikil kynjabreytan er í lífi fólks. Kvennalistakonurnar Danfríður Skarphéðinsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson töldu hins vegar menntunarákvæði frumvarpsins mjög til bóta, en áður hefur verið fjallað um andstöðu Kvennalistans við markmið fyrri jafnréttislaganna að breyta kynbundnu starfs- og námsvali (Danfríður Skarphéðinsdóttir 1991; Anna Ólafsdóttir Björnsson 1991). Að öðru leyti var ekki minnst á jafnréttisfræðslu í ræðum þingmanna við endurskoðun jafnréttislaganna árið 1991.

Umræður 10. áratugarins: Nefndir, skýrslur, námskrár

Í nóvember 1994 lagði Guðný Guðbjörnsdóttir, Kvennalista, fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um framkvæmd jafnréttislaganna. Hún spurði í hvaða skólum og á hvaða skólastigum væri veitt fræðsla um jafnréttismál, hvaða viðurlög væru við því að brjóta fræðsluákvæði jafnréttislaganna, og hver bæri ábyrgðina. Hún spurði ennfremur hvernig menntamálaráðuneytið hefði fylgst með þróun jafnréttismála í grunnskólum og hvort það hefði staðið fyrir reglubundnum rannsóknum í því skyni líkt og staði í jafnréttislögum (Guðný Guðbjörnsdóttir 1994a). Í umræðum um málið minnti Guðný á að Íslendingar hefðu, fyrstir Norðurlandþjóða, sett lög um jafnrétti kynjanna og endurskoðað þau reglulega. Hvernig stæði þá á því að ástand jafnréttismála væri svo langt á eftir því sem þekktist annars staðar á Norðurlöndum? Væri lagatextinn sjálfur veikari eða hefði það eitthvað með framkvæmd laganna að gera og raunverulegan vilja til jafnréttis? Í hennar huga væri það tvímælalaust hið síðara (Guðný Guðbjörnsdóttir 1994b).

Þáverandi menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, Sjálfstæðisflokki, svaraði fyrirspurninni í febrúar 1995. Hann sagði að haustið 1990 hefðu allir skólar á öllum skólastigum fengið senda skýrslu starfshóps sem skipaður hafði verið til að undirbúa framkvæmd jafnréttisfræðslu. Í framhaldinu hafði verið skipuð framkvæmdanefnd sem skilaði skýrslu 1994. Báðir hóparnir hefðu staðið fyrir kynningar- og fræðslufundum, gögn verið send skólunum og margir kennarar fengið fræðslu og námskeið um jafnréttismál. Vitað væri að fjölmargir kennarar

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

fléttuðu jafnréttisfræðslu inn í ýmis viðfangsefni. Fram kom hjá ráðherranum að engum viðurlögum væri beitt við broti fræðsluákvæði jafnréttislaga. Menntamála-ráðuneytið bæri ábyrgð á framkvæmd greinarinnar í samvinnu við Jafnréttisráð. Ráðuneytinu bæri að fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi, m.a. með reglubundnum rannsóknum. Fram að þessu hefði þó engin slík rannsókn verið framkvæmd. Nokkrir grunnskólar hefðu hlotið styrk vegna jafnréttisverkefna og Ísland tekið þátt í norræna verkefninu NORD-LILIA sem beindist að kennaramenntun (Ólafur G. Einarsson 1995). Guðnýju þóttu þessi svör „óskaplega stuttaraleg“ (Guðný Guðbjörnsdóttir 1997).

Nokkru síðar, í nóvember 1994, lagði Guðný Guðbjörnsdóttir ásamt fleiri þingkonum fram þingsályktunartillögu um úttekt á námskrám og kennslubókum með hliðsjón af menntunarákvæðum jafnréttislaga. Tillagan gerði ráð fyrir að rækilega yrði athugað hvort einhver jafnréttisfræðsla ætti sér stað í íslenskum skólum, hvernig það námsefni sem gefið hefði verið út væri notað og hvort námskrár tækju mið af því að bæði kynin væru búin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi (Guðný Guðbjörnsdóttir o.fl. 1994). Í umræðunum sagði Kristín Ástgeirsdóttir, Kvennalista, að lítið þýddi að samþykkja markmið í jafnréttislögum, þegar kæmi svo ítrekað í ljós að lögum væri ekki framfylgt. Hún sagði æ ljósara hvílíkur galli væri á framkvæmdarvaldinu að það fylgdi ekki eftir samþykktum lögum (Kristín Ástgeirsdóttir 1994).

Í umsögnum um tillöguna sést berlega hversu lítil trú er á lögum og nefndarvinnu því sjaldan fylgi fjármagnið sem til þarf. Kennarasamband Íslands fagnaði þessari tillögu en óskaði eftir að tryggt yrði að úttekt á námskrám og kennslubókum yrði fylgt eftir með aðgerðum (Kennarasamband Íslands 1995). Landssamtökin Heimili og skóli sögðu tillöguna þarfa og góða en menntamálanefnd hlýti að vera kunnugt um hina alvarlegu fjárhagsstöðu Námsgagnastofnunar eftir langvarandi aðhaldsaðgerðir og niðurskurð: „Það er gott og fallegt að setja af stað vinnuhópa en í ljósi reynslunnar væri til lítills að skoða námsbækur og komast að því að þar eru alltof margar mömmur að elda mat og allir pabbar að vinna á gröfu ef ekki eru til peningar til að búa til nýjar bækur eða myndskreytingar“ (Landssamtökin Heimili og skóli 1995).

Sambandi foreldrafélaga í grunnskólum Reykjavíkur (Samfok) þótti tillagan góð en benti á að í leiðinni ætti að endurskoða þá „niðurskurðarstefnu sem ríkt hefði í þessum efnum og í skólamálum almennt“. Litlu skipti hve lengi og myndarlega nefndir ynnu störf sín ef engir væru fjármunirnir til að tryggja að farið yrði að tillögum um úrbætur (Samband foreldrafélaga í grunnskólum Reykjavíkur 1995). Í erindi Námsgagnastofnunar sagði að starfsmönnum þætti afar mikilvægt að kynjum væri ekki mismunað í námsefni eða staðalímyndir styrktar, og að stofnunin gerði sitt besta til að koma í veg fyrir það. Gamalt efni sem bryti í bága við nútímahugmyndir um stöðu og hlutverk kynjanna hefði verið tekið af skrá eftir því sem hægt væri. Það væri þó ekki auðvelt nema nýtt námsefni um sama efni væri komið á markað. Sú þróun væri því háð fjármagni, og vegna fjárskorts væri þróunin hægt (Námsgagnastofnun 1995).

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Skemmst er frá því að segja að tillaga Guðnýjar var einróma samþykkt og vísað til síðari umræðu en virðist svo hafa dagað uppi í menntamálanefnd ef marka má vef Alþingis sem segir tillöguna hafa verið til umfjöllunar í nefndinni síðan 17. febrúar 1995. Kosningar voru haldnar í maí 1995 og ný ríkisstjórn tók við völdum í maí það ár.

Björn Bjarnason, Sjálfstæðisflokki, sem var menntamálaráðherra 1995-2002, lagði áherslu á mikilvægi námskrár í fræðslumálunum. Á morgunverðarfundi Kvenréttindafélags Íslands í febrúar 1996 lagði hann áherslu á endurskoðun aðalnámskrár fyrir grunnskóla. Hann sagði að þar yrði tekið mið af jafnrétti kynjanna og áhersla aukin á náms- og starfsfræðslu. Námskrár væru lykill að breyttum áherslum í skólastarfi og menntamálaráðuneytið gæti stuðlað að því að jafnréttisfræðsla væri sjálfsagður og eðlilegur hluti menntakerfisins. Lagabreytingar, nýir sjóðir eða stofnanir myndu ekki verða til þess að koma á fullkomnu jafnrétti þar sem misrétti fælist fyrst og fremst í þeim viðhorfum sem ríkjandi væru til kynjanna. Menntun mótaði að miklu leyti viðhorf, venjur og atferli fólks og hann myndi því beita sér fyrir eflingu jafnréttisfræðslu á kjörtímabilinu (Björn Bjarnason 1996a).

Í nóvember 1996 lagði Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, fram fyrirspurn til þáverandi menntamálaráðherra, Björns Bjarnasonar, um jafnréttisfræðslu í skólum. Hún spurði hvernig ráðherrann hygðist bregðast við niðurstöðum úr könnun ráðuneytisins sem sýndi að jafnréttisfræðsla væri ekki skipulögð sérstaklega í 85-90% grunn- og framhaldsskóla. Siv sagði það jákvætt að menntamálaráðuneytið hefði unnið að því að móta stefnu, setja markmið og senda skólum skýrslur og rit til leiðbeiningar. Könnunin sýndi þó að ritin væru lítið sem ekkert notuð. Fyrir dyrum stóð endurskoðun á aðalnámskrám og spurði Siv ráðherrann hvort til greina kæmi að skipuleggja þar sérstaklega jafnréttisfræðslu í skólum (Siv Friðleifsdóttir 1996a).

Í svari sínu sagði Björn Bjarnason að þau sem ynnu að endurskoðun aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla myndu fá sérstök fyrirhæfi um að jafnréttisfræðsla fengi *verðugan sess* í námskránni (Björn Bjarnason 1996b). Siv spurði þá hvað það þýddi nákvæmlega; hvort til stæði að skylda skólana til að taka upp sérstaka og skipulagða jafnréttisfræðslu, sem hún sjálf teldi æskilegt (Siv Friðleifsdóttir 1996b). Björn endurtók orð sín um verðugan sess, það væri skynsamlegasta leiðin til frambúðar. Ef jafnréttisfræðsla yrði hluti af aðalnámskrá grunns- og framhaldsskóla þá yrði fræðsla í þeim málum hluti af starfsskyldu þeirra er störfuðu í skólum. Athygli vekur að þrátt fyrir að Björn hafi ítrekað að jafnréttisfræðsla fengi verðugan sess í aðalnámskrá, var samt óljóst hvort hún yrði hluti af aðalnámskránni og starfsskyldu kennara (Björn Bjarnason 1996c). Hvað þýðir að fá sess í námskrá en vera þó ekki hluti af henni?

Í umræðum um málið sagði Svavar Gestsson, Alþýðubandalagi, að til þess að ná árangri í jafnréttisfræðslu í skólum yrði að efna til sérstaks átaks í þeim efnum og verja til þess fjármunum, ekki dygði að setja almenn ákvæði inn í aðalnámskrá. Jafnréttismál ættu alltaf að vera á dagskrá og starfsemin viðvarandi (Svavar

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Gestsson 1996). Hjörleifur Guttormsson, Alþýðubandalagi, sagði verulegar brotalamir á jafnréttisfræðslu. Ýmislegt í svári ráðherrans vísaði á réttar leiðir og gæfi von um endurbætur, ekki síst ef þessi mál yrðu tekin föstum tókum við endurskoðun á námskrám (Hjörleifur Guttormsson 1996). Arnbjörg Sveinsdóttir, Sjálfstæðisflokki, fagnaði vinnu ráðuneytisins um jafnréttisfræðslu og vilja ráðherrans til að koma málefnum í gott horf. Jafnréttisfræðsla væri grundvallaratriði í þeirri viðhorfsbreytingu sem þyrfti að verða í þjóðfélaginu (Arnbjörg Sveinsdóttir, 1996b). Hinn 1. júní árið 1999 tók gildi ný aðalnámskrá grunnskóla, endurskoðuð af menntamálaráðuneyti undir stjórn Björns Bjarnasonar. Þar var ekki að finna sérstaka námsgrein um jafnréttisfræðslu.

Endurskoðun 2000: Endurtekin þrástef og hugmyndaþreyta

Áður en jafnréttislög voru samþykkt í fjórða sinn árið 2000 var tilraun gerð til endurskoðunar veturinn 1998-1999 sem ekki náðist samstaða um. Ástæður endurskoðunarinnar þegar þarna var komið sögu var samræming við EES-samninginn, auk þess sem lítið þótti hafa miðað í jafnréttisátt á mikilvægum sviðum. Þá var Þekingáætlun Sameinuðu þjóðanna og norrænt jafnréttisstarf haft til hliðsjónar. Með lögnum frá 2000 er á ný innleitt kynhlutleysi enda frjálshyggjuhugmyndum vaxið fiskur um hrygg (Brynhildur Flóvenz 2007). Í 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 segir að á öllum skólastigum skuli veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Athygli vekur að hin skýra klausa um hver sé ábyrgðaraðili hvarf við þessa endurskoðun. Í lögnum frá 1991 og 1985 var menntamálaráðuneytið, í samráði við Jafnréttisráð, gert ábyrgt fyrir framkvæmd þessarar lagagreinar, en í lögnum frá árinu 2000 segir eingöngu að ráðuneytið skuli fylgjast með þróun jafnréttismála í skólum.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum segir að leitast skuli við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem lítið hafi verið á sem hefðbundin karlaeða kvennastörf. Þess skuli gæta sérstaklega að kennslu- og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Menntamálaráðuneytið skuli fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi og rannsóknum á sviði jafnréttismála. Efla skuli rannsóknir á stöðu kynjanna og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla. Þessi grein frumvarpsins var samþykkt án efnislegra breytinga.

Lítið nýtt kom fram í umræðunni að þessu sinni sem var á almennum nótum. Hugmyndaþreytu virtist farið að gæta og gömul þrástef voru endurtekin. Guðrún Ögmundsdóttir, Samfylkingu, sagði mjög mikilvægt að jafnrétti væri eðlilegur hluti af kennslu og öðru skólastarfi, og að strákar og stelpur gætu séð sig sem jafningja (Guðrún Ögmundsdóttir 2000). Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri grænum, taldi brýnt að skera upp herör gegn þeim þröngu og neikvæðu hugsunum sem ríktu í samfélaginu í garð kvenfrelsis, það yrði t.d. gert í gegnum

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

uppeldi. Kannanir sýndu að stúlkur byggju við mikið misrétti í menntakerfinu, og því þyrfti að ná að vekja þá í samfélaginu sem mest áhrif hefðu á uppeldi barna (Kolbrún Halldórsdóttir 2000). Steingrímur J. Sigfússon, Vinstri grænum, taldi að mikilvægasta verkefni jafnréttisbaráttunnar væri að stórefla allt sem sneri að áróðri og fræðslu í skólakerfinu. Löggjöf ein og sér nægði ekki til að tryggja fullt jafnrétti kynjanna. Nauðsynlegar samfélagsbreytingar væru forsenda jafnréttis kynja og þær tækju tíma, viðhorfsbreytingar næðust með fræðslu í skólakerfinu, í uppeldisstarfi og með upplýsingu og umræðu. Þannig myndu þær væntanlega skila sér til nýrra kynslóða (Steingrímur J. Sigfússon 2000).

Ásta Möller, Sjálfstæðisflokki, reifaði áhyggjur sínar af þeim hefðum sem skapast hefðu hér á landi í starfsvali kynjanna, t.d. væru konur 98% íslenskra hjúkrunarfræðinga. Nýleg könnun á viðhorfum íslenskra ungmenna gæfi ekki til kynna að breytinga væri að vænta í þessum efnum, nema skólakerfið næði að snúa þróuninni við með jafnréttisfræðslu (Ásta Möller 2000). Drífa Hjartardóttir, Sjálfstæðisflokki, sagði jafnrétti í menntun og skólastarfi mjög mikilvægt. Hún ítrekaði að gæta þyrfti sérstaklega að kennslutækni, og að kennslubækur væru þannig úr garði gerðar að kynjunum væri ekki mismunad. Hún sagði margar kennslubækur því miður enn mjög gamaldags, og sýndu oft og tíðum ekki rétta mynd af nútímaþjóðfélagi (Drífa Hjartardóttir 2000). Það er athyglisvert að hér er umræðan aftur komin á sama stað og hún var 1976 þegar skólabækur voru í brennidepli.

Endurskoðun 2008: Enn um mikilvægi fræðslu

Töluverðar umræður urðu á Alþingi um þær breytingar á jafnréttislögunum sem lagðar voru til í frumvarpi árið 2007 og urðu að lögum í janúar 2008 en þær snerust að mestu um hlutverk Jafnréttisráðs. Í innsendum umsögnum við frumvarpið var mikilvægi jafnréttisfræðslu undirstrikað. Í áliti félags- og tryggingamálanefndar (2007) var mikilvægi fræðslu á leik- og grunnskólastigi áréttad. Femínistafélagið sagði þörf á markvissum aðgerðum og mikilvægt að skólinn skoraðist ekki undan ábyrgð (Femínistafélag Íslands 2007). Kvenfélagasamband Íslands lagði áherslu á jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum (Kvenfélagasamband Íslands 2007) og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum lagði áherslu á að fræðsla fullorðinna væri ekki síður mikilvæg fræðsla (Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum 2007). Jafnréttisstofa lagði áherslu á jafnréttisuppeldi einkum vegna kynbundins náms- og starfsvals. Rannsóknir hefðu leitt í ljós að jafnréttisfræðslu væri illa sinnt innan skólakerfisins og brýnt væri að bæta þar úr (Jafnréttisstofa 2007). Í þessu ljósi er athyglisvert að í lögunum frá 2008 er jafnvel kveðið enn veikara að orði um starfsfræðslu en fyrr en þar segir að nemendur skuli óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf (lög nr. 10/2008). Í umræðum um frumvarpið árið 2007 benti þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, Samfylkingu, á könnun sem sýndi ólíkar kynbundnar væntingar íslenskra ungmenna til launa. Því teldi hún mikilvægt að jafnréttis

Stjórnsmál og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

kynjanna væri gætt í skóla- og uppeldisstarfi og að því starfi væri fylgt vel eftir (Jóhanna Sigurðardóttir 2007). Jákvæð viðhorf í garð jafnréttisfræðslu komu einnig fram í umræðum þingmanna þótt fræðsluákvæðið væri lítið rætt í samanburði við aðra þætti frumvarpsins. Birkir Jón Jónsson, Framsóknarflokki, tók undir áhyggjur Jóhönnu af kynbundnum launahugmyndum ungmenna og taldi jafnréttisumræðu mikilvæga bæði innan heimila og skólakerfisins (Birkir Jónsson 2007). Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri grænum, taldi að fræða þyrfti bæði börn og fullorðna um jafnréttismál (Kolbrún Halldórsdóttir 2007). Róbert Marshall, Samfylkingu, sagðist telja fulla ástæðu til að fara með þennan málaflökk niður í skólakerfið: „Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort ekki væri full ástæða til að taka t.d. kynjafræði sem hefur verið kennd með nokkuð góðum árangri í Háskóla Íslands og færa niður í framhaldsskólana og jafnvel grunnskólana. Þar sem farið er yfir hlutverk kynjanna, ræddur og kynntur fyrir stúlkum réttur þeirra til jafnra launa, hvernig eigi að bera sig að við launaviðtöl o.s.frv. Þar mætti á sama tíma tala við unga menn og drengi um klám, þýðingu þess, og virðingu fyrir mannréttindum og mannlegri reisu“ (Róbert Marshall 2007).

Guðbjartur Hannesson, Samfylkingu, er á sömu slóðum þar sem hann bendir á kannanir sem sýna ólíkar væntingar og sjálfstraust skólabarna eftir kyni. Skólinn, heimilin og samfélagið í heild mótuðu með einhverjum hætti mismunandi viðhorf, áræðni og kjark til að takast á við ný verkefni og gegn þessum kynbundnu viðhorfum þyrfti að vinna (Guðbjartur Hannesson 2007). Pétur Blöndal, Sjálfstæðisflokki, hvatti til skoðunar á því af hverju konur sæktu ekki nógu mikið fram í atvinnulífinu, væru ekki nógu grimmar í að ná frama, skipta um starf o.s.frv. Hvort verið gæti að skólakerfið brygðist í að þjálfra ungmenni, sérstaklega konur, í að koma fram. Þetta þyrfti að skoða. Samfélagið þjálfaði börnin sín strax í bernsku undir ákveðin kynjahlutskipti og -hlutverk, og þar væri kannski upprunnin ástæðan fyrir kynjamisrétti. Slíkri kynjamótun til staðfestingar sagði Pétur eftirfarandi: „Ég var einu sinni í afmæli fimm ára barns og meðal gjafanna var dúkka, svo var greiðusett í bleikum pakkningum, þá dúkkuhús, síðan pottar og pönnur í bleiku, og nú vil ég biðja háttvirta þingmenn að giska á hvers kyns barnið var. Það er ekki mikill vandi. Þetta var sko ekki drengur!“ (Pétur Blöndal 2007).

Athyglisvert er hvernig umræðan ber keim af tíðarandanum hverju sinni. Þarna er komið inn á klám og launamun kynja, málaflökka sem borið höfðu hátt í umræðunni árin á undan. Sú ábending þingmannsins hér að framan að jafnréttisfræðsla, sem hér er nefnd kynjafræði, sé mikilvægt mótvægi við innrætingu samfélagsins hefur verið lögbodin í rúmlega 30 ár. Þá eru áhugaverðar ábendingar þingmannanna um að kenna þurfi konum „að bera sig að við launaviðtöl“ og að þær séu „ekki nógu grimmar í að ná frama“. Hér er athyglinni beint að sjálfstrausti og væntingum stúlkna og kvenna sem leiðir hugann frá samfélagslegum og kerfislægum hindunum og að ábyrgð kvenna sjálfra (Hakim 2007). Þrátt fyrir miklar umræður og áherslu á mikilvægi breytinga urðu ekki miklar breytingar á greininni um menntun og skólastarf. Í lögum nr. 10/2008 er kveðið á um að

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi. Þá er það nýmæli að finna í 23. gr. að gert er ráð fyrir jafnréttisráðgjafa innan menntamálaráðuneytisins til að fylgja eftir ákvæðinu um menntun og skólastarf. Frá árinu 2000 höfðu lögin kveðið á um sérstakan jafnréttisfulltrúa innan hvers ráðuneytis til að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi en með ákvæðinu um jafnréttisráðgjafa er hnykkt á vilja og ásetningi löggjafans til að fylgja eftir jafnréttisfræðslu í skólastarfi.

Jafnréttisfræðsla í grunnskólalögum

Ekki er óeðlilegt að ætla að jafnréttislögin frá 1976 hafi haft áhrif á síðari lög um skólastarf, t.d. lög um grunnskóla sem var fyrsta skólastigið á þessum tíma. Fyrsta endurskoðun grunnskólalaganna eftir setningu jafnréttislaga var árið 1991, en lög um fræðslu barna og unglinga eiga sér mun lengri sögu. Grunnskólalög voru aftur endurskoðuð árin 1995 og 2008. Í lögum um grunnskóla, nr. 49/1991, er minnst á jafnrétti eða kyn í einni grein, en það er 48. gr. um námskrár og kennsluskipan. Þar segir að starfshættir grunnskóla skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar. Líkt og í jafnréttislögum stendur þar einnig að í öllu starfi skólans skuli leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Þegar grunnskólalögin voru endurskoðuð árið 1995 var frumvarp samþykkt með þessari sömu klausu í 29. gr. um jafnan undirbúning kynjanna að virkri samfélagsþátttöku. Málsgreinin var hins vegar felld út árið 2006 með lagabreytingum nr. 98/2006 þar sem hún þótti einungis nánari útfærsla á ákvæði sem þegar var að finna í lögnum. Þá þótti óþarfi að ríkið bindi áherslur í skólastarfi of mikið en það heyrði nú undir sveitarfélögum (Einar Már Sigurðarson 2006). Af 21 innsendu erindi sem barst varðandi frumvarpið að lagabreytingunum gerði enginn umsagnaraðili athugasemd við þessa tilteknu breytingu varðandi kynin. Árið 2008 var ákvæðinu svo aftur bætt inn í grunnskólalögin.

Í umræðum um endurskoðun grunnskólalaga árið 1995 gerði Kristín Ástgeirsdóttir, Kvennalista, að umræðuefni einu málsgreinina um kyn sem eftir stóð í lögnum, þ.e. að kennslu- og starfshættir grunnskóla yrðu að koma í veg fyrir mismunun vegna kyns eða annarra breyta. Hún spurði hvað átt væri við með mismunun og hvernig staðið yrði að því að fylgja þessum markmiðum eftir: „Hvað eiga menn við með mismunun? Þýðir þetta að ekki megi kenna stelpum eða strákum sérstaklega? Hvernig skilja menn reglur eins og þessar? Við vitum að sumt námsefni sem notað er, er mjög mótað af gömlum kynjahlutverkum og er alls ekki til þess fallið að búa stelpur betur undir líf í Lýðræðisþjóðfélagi eins og tilgangur með skólakerfinu er. Hvernig verður staðið að því að fylgja þessum markmiðum eftir? Hvernig verður staðað að námsefnisgerð? Hvað meina menn með þessari mismunun?“ (Kristín Ástgeirsdóttir 1995). Kristín lagði þó ekki fram breytingartillögu um að skerpa á þessari málsgrein eða skilgreina hana nánar.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, er hlutverk grunnskólans skilgreint í 2. gr. sem kveður á um undirbúning nemenda fyrir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Í 25. gr. um markmið náms segir að í aðalnámskrá skuli setja ákvæði um inntak og skipulag náms í jafnréttismálum. Þetta var í fyrsta sinn frá setningu fyrstu jafnréttislaganna 1976 sem sérstakt ákvæði um jafnréttisfræðslu er að finna í grunnskólalögum. Þetta misræmi í jafnréttis- og grunnskólalögum er rannsóknarefni í sjálfu sér. Hvaða þýðingu hefur það að lög sem taka til sama efnis séu ekki samhljóða? Hvaða viðmið geta talist gilda um stigveldi laga; hvor lögin eru réttærri í þessu tilviki?

Í rannsókn Eyglóar Árnadóttur (2009) á framkvæmd jafnréttisfræðslu í grunnskólum var upplýsinga m.a. aflað með viðtölum við embættismenn á ýmsum stigum og úr röðum kennara. Þau svör fengust í menntamálaráðuneytinu að áhersla nýju grunnskólalaganna á jafnréttisfræðslu væri skýr, líkt og gildi um jafnréttislögin. Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla, sem er í vinnslu þegar þetta er ritað vorið 2010, verði að fjalla sérstaklega um þetta þar sem í lögnum sé beinlínis talað um jafnréttismál sem hluta af markmiði náms. Viðmælandi Eyglóar úr röðum kennara segir skólafólk almennt ekki þekkja til lagaákvæðisins um jafnréttisfræðslu, enda þyki jafnréttislögin ekki skipta miklu máli. Jafnréttislög um jafnréttisfræðslu í háskólum og grunnskólum gefi ekki vogarafli til að krefjast slíks skyldunáms innan kennarafræða. Ákvæði um jafnréttisfræðslu í nýjustu grunnskólalögnum verði þó erfitt að virða að vettugi, þar sem grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla séu leiðarljós grunnskólakennara og þeirra sem kenna kennaranemum (Eygló Árnadóttir 2009).

Um frumvarpið að nýjum grunnskólalögum árið 2008 spunnust miklar umræður á Alþingi. Þær snerust þó fyrst og fremst um ákvæði um kristilegt siðgæði, en ekki hið nýja ákvæði um inntak og skipulag náms í jafnréttismálum. Ákvæði um jafnréttisfræðslu var upphaflega ekki að finna í frumvarpinu. Orðinu *jafnréttismálum* var bætt inn í frumvarpið eftir að menntamálanefnd gerði breytingartillögu þess efnis. Gera má því skóna að þessi breytingartillaga menntamálanefndar eigi upptök sín í umsögn Jafnréttisstofu en af 100 umsögnum um frumvarpið nefndi eingöngu Jafnréttisstofa jafnréttisfræðslu.

Í umsögn sinni minnti Jafnréttisstofa á ákvæði jafnréttis laga um jafnréttisfræðslu í skólakerfinu og sagði rannsóknir sýna að töluverður misbrestur væri þar á. Því væri nauðsynlegt að vísa með skýrum hætti til þessara ákvæða jafnréttis laga. Stofan hvatti menntamálanefnd til að fara vel yfir öll frumvörp um skóla til að tryggja að ákvæða jafnréttis laga um skólastarf yrði gætt. Kveða þurfi skýrar að orði um jafnrétti kynja, t.d. þyrfti 24. gr. grunnskólalaga að tryggja að í aðalnámskrá grunnskóla væru ákvæði jafnréttis laga um jafnréttisfræðslu uppfyllt (Jafnréttisstofa 2007). Þessi grein frumvarpsins var þó samþykkt óbreytt og ekki kveðið á um markvissa jafnréttisfræðslu í lögnum. Þar er kveðið á um bann við mismunum og krafa um jafnan undirbúning beggja kynja til samfélagsþátttöku. Minnst er á kyn eða jafnrétti í tveimur greinum grunnskólalaganna til viðbótar við 24. gr. sem nefnd er að framan. Í 2. gr. segir að starfshættir grunnskóla skuli

Stjórnsmál og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

m.a. mótast af jafnrétti og í 25. gr. um aðalnámskrá eru jafnréttismál meðal þeirra greina þar sem ákvæði skuli sett um inntak og skipulag náms. Í 47. gr. laganna um kærueimildir kemur fram að engar þessara greina eru kærانlegar. Lögbundinn réttur grunnskólanema til náms í jafnréttismálum er ekki því kærانlegur samkvæmt grunnskólalögum. Í jafnréttislögum, nr. 10/2008, segir hins vegar að sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brjóti gegn þeim lögum sé skaðabótaskyldur og brot geti varðað sektum. Bæði lög kveða á um jafnréttisfræðslu, en aðeins önnur hafa viðurlög við lagabrotum.

Lög um kennaramenntun

Þótt jafnréttislögin hafi ávallt kveðið á um jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum hafa þau þó aldrei lagt sérstaka áherslu á fræðslu innan kennaramenntunar um jafnrétti kynjanna. Slík fræðsla ætti þó að vera grundvöllur fræðslu á öðrum skólastigum.

Árið 1976, þegar frumvarp til fyrstu jafnréttislaganna lá fyrir, sendi Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn og óskaði eftir að tryggt yrði í lögum að menntun kennara tæki mið af jafnstöðusjónarmiðum, svo að kennarar viðhélðu ekki úreltri kynjaskiptingu í viðhorfum nemenda til verkaskiptingar (Svava Jakobsdóttir 1976b). Sem fyrr segir varð þetta þó ekki til að hnykkt væri sérstaklega á fræðslu í kennaranámi í jafnréttislögum. Árið 2008 var lagt fram frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Jafnréttisstofa sendi inn umsögn um frumvarpið og benti á nauðsyn þess að allir kennarar og stjórnendur á öllum skólastigum hefðu þekkingu á jafnréttismálum, að tilvonandi kennarar á öllum skólastigum fengju í námi sínu fræðslu um kynjajafnrétti (Jafnréttisstofa 2008). Í umræðum þingmanna um frumvarpið var þó ekki minnst á þessar ábendingar Jafnréttisstofu. Í lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda er ekki kveðið á um kynjafraði í kennaramenntun eða þekkingu skólafólks í jafnréttismálum.

Í svari menntamálaráðuneytis við fyrirspurn Eyglóar Árnadóttur (2009) um hvers vegna ráðuneytið tryggi ekki jafnréttisfræðslu í kennaranámi líkt og jafnréttislög krefjast er vísað til 7. gr. laga nr. 63/2006, um háskóla, sem segir að háskólar ákveði sjálfir fyrirkomulag kennslu. Í þessu samhengi er vert að benda á að í 11. gr. háskólalaga segir að menntamálaráðherra skuli setja reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum. Í 3. gr. laga um háskóla segir ennfremur að ríkisrekinn háskóli sé sjálfstæð ríkisstofnun sem heyri undir menntamálaráðherra. Ráðherrann gefi út reglur um viðurkenningu háskóla sem byggjast á alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi. Í þeim skuli tilgreind skilyrði sem háskólar skuli fullnægja til að öðlast viðurkenningu. Skilyrðin lúti m.a. að fyrirkomulagi kennslu. Þessi ábyrgð menntamálaráðuneytis er viðurkennd í skýrslu um íslenska skólakerfið sem ráðuneytið gaf út árið 1998, en þar segir að menntamálaráðherra skuli hafa eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar veiti og að þeir uppfylli ákvæði laga (Menntamálaráðuneytið 1998).

Framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar um jafnréttisfræðslu kennara

Í skýrslu um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum frá 1986 eru markmið um að veita fræðslu um jafnrétti kynjanna í skólum og í námi verðandi kennara. Á árunum 1993-1997 átti að vinna að því að starfsfólk allra skólastiga ætti kost á fræðslufundum og námskeiðum um jafnrétti og jafna stöðu kynja í skólum (þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 1993-1997, 1992-1993). Árin 1998 til 2001 átti að efla jafnréttisfræðslu nemenda og kennara (þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 1998-2001, 1998) og aftur árin 2002-2004 (skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002-2004, 2003-2004). Á árunum 2004-2008 voru uppi hugmyndir um að kanna hvort verðandi kennarar fengju undirbúning í fræðslu um jafnréttismál (samandregnar upplýsingar um meðferð Alþingis á þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára 2004-2008, e.d.) og í skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála árið 2009 er enn á ný markmið um að kynjafræði verði innleidd í kennaramenntun og endurmenntun kennara. Þrátt fyrir þessa löngu sögu markmiða yfirvalda um að bæta jafnréttisfræðslu innan kennaranáms er ekki kveðið á um slíkt í lögum um kennaramenntun nr. 87 frá árinu 2008.

Lokaorð: Er fræðsluákvæði jafnréttislaga dauður lagabókstafur?

Hér hefur verið litið yfir þróun jafnréttis- og grunnskólalaga með tilliti til jafnréttisfræðslu í grunnskólum, fyrirheit og framkvæmdir stjórnvalda í málaflokknum. Frá setningu fyrstu jafnréttislaga Íslands árið 1976 hafa lögin kveðið á um fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum. Jafnréttislög hafa þróast frá formlegri áherslu á jafnan rétt og jöfn tækifæri yfir í jákvæða aðgerðaskyldu stjórnvalda. Efnislega hefur lagagreinin um jafnréttisfræðslu breyst minna í þessa átt en önnur ákvæði jafnréttislaga. Frá upphafi jafnréttislaganna hefur litlum fjármunum verið varið í að sinna ákvæði laganna um jafnréttisfræðslu.

Fyrstu ár jafnréttislaganna einkenndust þingumræður af því að tekist var á um hugtök og orðalag, svo sem hvort nota ætti hugtakið jafn réttur eða jafnstaða. Inntak umræðunnar um jafnréttisfræðslu hefur mikið snúist um kynjaskiptingu starfa, kennslubækur og kennslutæki. Strax á 8. áratugnum kemur fram mikil tregða við að grípa til markvissra aðgerða og hugarfarsbreyting er lausnarorðið. Samstaða er um að fræðsla sé þar sterkasta vopnið en það verður þó ekki til þess að kveðið sé á um markvissar aðgerðir í fræðslu. Aðgerðir stjórnvalda hafa verið fólgnar í almennum viljayfirlýsingum og skipun nefnda og starfshópa sem hafa beitt sér fyrir fundum, skýrslum og úttektum. Á 10. áratugnum bætist við umræða um námskrár en einnig þar eru menn ófúsir að kveða skýrt að orði og skilgreina nákvæm markmið. Þegar litið er yfir þau rúmlega þrjátíu ár sem jafnréttislög hafa verið í gildi er eins og umræðan sé kyrrstæð, endurtekin tilbrigði við það stef að jafnréttisfræðsla sé mikilvæg án þess að það leiði til skipulegra aðgerða.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Frá árinu 2008 hafa grunnskólalög kveðið á um nám í jafnréttismálum. Þau lög hafa þó ekki verið í samræmi við fræðsluákvæði jafnréttis laga og ákvæði um jafnréttisfræðslu eru ekki kæránleg, andstætt mörgum öðrum ákvæðum grunnskólalaga. Í ljósi jafnréttisákvæðis grunnskólalaganna frá 2008 vekur það sérstaka athygli að lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda frá árinu 2008 gera ekki ráð fyrir menntun eða þekkingu í jafnréttismálum. Því er vandséð hvernig hægt er að fullnægja ákvæði grunnskólalaganna um jafnréttisfræðslu ef ekki er gert ráð fyrir þjálfun kennara.

Þess ber að geta að ýmislegt hefur verið gert á því tímabili sem hér hefur verið rakið. Meðal þess má nefna að kennslubækur hafa verið skrifaðar fyrir nemendur og handbækur og kennsluefni fyrir kennara. Árið 2008 var tilraunaverkefninu „Jafnrétti í skólum“ hleypt af stokkunum en það er samstarfsverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Jafnréttisstofu, Jafnréttisráðs, Hafnarfjarðarbæjar Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar, Kópavogsbæjar og Mosfellsbæjar (sjá slóðina www.jafnrettiiskolum.is). Fleira mætti tína til, bæði staðbundin verkefni og frumkvæði einstakra skóla og kennara. Allt þetta er rannsóknarefni í sjálfu sér sem fellur utan ramma þessarar greinar sem beinir sjónum að lagarammanum, fyrirheitum og aðgerðum stjórnvalda í málaflokknum.

Þegar laga- og regluramminn um jafnréttisfræðslu í skólum er skoðaður er niðurstaðan að þar miðar hægt og lítil stöð hefur verið í lagabókstafnum. Margvíslegir þættir draga úr gagnsemi lagaákvæðisins um jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Ber þar hæst skort á vilja til markvissra aðgerða. Hann birtist bæði í tregðu við að útfæra nánar markmið, aðgerðir og framkvæmdir, sem og vöntun á fjármagni til málaflokksins. Þetta skýrist að hluta til af þeim skilningi að hugarfarsbreyting sé það sem til þarf og hana sé ekki hægt að fá með lagabókstaf eða handaflí. Ítrekaðar fyrirspurnir og þrýstingur innan þings og utan yfir 30 ára tímabil hefur litlu skilað. Lagaákvæðið um jafnréttisfræðslu er þó ekki „dauður lagabókstafur“. Það er sannarlega magurt og máttvana en með raunverulegum pólitískum vilja, skýrari markmiðssetningu, samræmi milli laga, þekkingu og fjármagni ætti að vera hægt að glæða það lífi og jákvæðri aðgerðaskyldu.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Heimildir

- Alexander Stefánsson (1987). *Þingræða um fyrirspurn Sigríðar Dínu Kristmundsdóttur um framkvæmd jafnréttisfræðslu*. Sótt 8. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2675<hing=109&dalkur=2886>.
- Anna Ólafsdóttir Björnsson (1991). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991*. Sótt 12. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/113/r3/3443.html>.
- Arnbjörg Sveinsdóttir (1996a). *Þingræða utan dagskrár um stöðu jafnréttismála*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/121/11/r04161654.sgml>.
- Arnbjörg Sveinsdóttir (1996b). *Þingræða um fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur til menntamálaráðherra um jafnréttisfræðslu í skólum*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/121/11/r20151628.sgml>.
- Auður Styrkarsdóttir (1999). *Jafnrétti og lýðæði? Konur og stjórnmal á Norðurlöndum*. TemaNord: 566. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.
- Ásta Kristjana Sveinsdóttir (2002). Kvenna megin. Ritdómur. *Skírnir* 176: 165-174.
- Ásta Möller (2000). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000*. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/125/02/r01141439.sgml>.
- Birkir Jón Jónsson (2007). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008*. Sótt 22. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/raeda/135/rad20071101T115929.html>.
- Björn Bjarnason (1996a). *Jafnréttisfræðsla í skólum*. Ræða á morgunverðarfundi Kvenréttindafélags Íslands. Sótt 17. mars 2009 af netsíðu Björns Bjarnasonar:
<http://www.bjorn.is/greinar/nr/146>.
- Björn Bjarnason (1996b). *Þingræða um fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur til menntamálaráðherra um jafnréttisfræðslu í skólum*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/121/11/r20150509.sgml>.
- Björn Bjarnason (1996c). *Þingræða um fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur til menntamálaráðherra um jafnréttisfræðslu í skólum*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/121/11/r20152005.sgml>.
- Brynhildur G. Flóvenz (2007). „Jafnréttislög í þrjátíu ár“. *Úlfljótur* 1: 5-23.
- Dahlerup, D. (ritstj.) (2006). *Women, Quotas and Politics*. London, New York: Routledge.
- Danfríður Skarphéðinsdóttir (1991). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991*. Sótt 12. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=113&mnr=69>.
- Delegationen för jämställdhet* (e.d.). Sótt 15. júní 2010 af www.jamstalldhetiskolan.se.
- Drífa Hjartardóttir (2000). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000*. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/125/02/r01150245.sgml>.
- Einar Már Sigurðarson (2006). *Þingræða um frumvarp til laga nr 98/2006 um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla*. Sótt 5. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/raeda/132/rad20060202T160459.html>.
- Eygló Árnadóttir (2009). Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, stjórnmalafraeðideild.
- Félags- og tryggingamálanefnd (2007). *Nefndarálit um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008*. Sótt 4. mars 2009 á vef Alþingis:

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

- <http://www.althingi.is/altext/135/s/0535.html>.
- Femínistafélag Íslands (2007). *Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008*. Sótt 4. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=135&malnr=142&dbnr=947&nefnf=ft>.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 66/1995, um grunnskóla, nr. 98/2006.*
Frumvarp til laga um grunnskóla, nr. 91/2008.
Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.
Frumvarp til laga um jafnstöðu kvenna og karla, nr. 78/1976.
- Geirþrúður H. Bernhöft (1976). *Þingræða um frumvarp til laga um jafnstöðu kvenna og karla, nr. 78/1976*. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2072<hing=97&dalkur=2486>.
- Guðbjartur Hannesson (2007). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008*. Sótt 22. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/raeda/135/rad20071101T133048.html>.
- Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Guðrún J. Halldórsdóttir og Björk Jóhannsdóttir (1994). *Tillaga til þingsályktunar um úttekt á námskrám og kennslubókum með blíðsjón af menntunarákvæðum jafnréttis laga*. Sótt 5. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/118/s/0287.html>.
- Guðný Guðbjörnsdóttir (1994a). *Fyrirspurn til menntamálaráðherra um framkvæmd menntunarákvæða jafnréttis laga*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/118/s/0274.html>.
- Guðný Guðbjörnsdóttir (1994b). *Fyrirspurn til félagsmálaráðherra um framkvæmd jafnréttis laga*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/118/11/r28173743.sgml>.
- Guðný Guðbjörnsdóttir (1997). *Þingræða um fræðslu til að búa nemendur í frambaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/121/02/r20135400.sgml>.
- Guðný Guðbjörnsdóttir (e.d.). *Minnisblað um jafnréttisfræðslu í skólastarfi*. Sótt 15. júní 2010 af <http://vefir.hi.is/kennaramenntun/wp-content/uploads/2010/03/GG-jafnr%C3%A9tti-og-kennarmenntun1.pdf>
- Guðrún Ögmundsdóttir (2000). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000*. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/125/02/r01135840.sgml>.
- Gunnar Thoroddsen (1976). *Þingræða um frumvarp til laga um jafnstöðu kvenna og karla, nr. 78/1976*. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2071<hing=97&dalkur=2480>.
- Gyða Margrét Pétursdóttir (2009). *Within the aura of gender equality. Icelandic work cultures, gender relations and family responsibility: A holistic approach*. Reykjavík: University of Iceland, Faculty of Political science.
- Handlingsplan for likestilling i barnebage og grunnopplæring 2008–2010* (2008). Kunnskapsdepartementet. Sótt 15. júní 2010 af
http://www.regjeringen.no/upload/KD/Vedlegg/Likestilling/KD_Handlingsplan%20for%20likestilling_web_09.08.pdf.
- Hakim, C. (2007). Dancing with the Devil? Essentialism and other feminist heresies. *The British Journal of Sociology* 58: 123-132.
- Hausmann, R., Tyson, L.D., og Zahidi, S. (2009) *The global gender gap 2009*. Cologne/Geneva:

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

- World Economic Forum. Sótt 5. apríl 2010 af <http://www.weforum.org/pdf/gendergap/report2009.pdf>.
- Hjörleifur Guttormsson (1987a). *Þingræða um framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna*. Sótt 22. febrúar 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2686<hing=109&dalkur=2898>.
- Hjörleifur Guttormsson (1987b). *Þingræða um stöðu og þróun jafnréttismála*. Sótt 22. febrúar 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2626<hing=109&dalkur=2810>.
- Hjörleifur Guttormsson (1996). *Þingræða um fyrirspurn Sívjar Friðleifsdóttur til menntamálaráðherra um jafnréttisfræðslu í skólum*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/121/11/r20151112.sgml>.
- Inga Jóna Þórðardóttir (1980). „Valfrelsi er nauðsynlegt“, í Ingibjörg Rafnar o.fl. (ritstj.), *Fjölskyldan í frjálsu samfélagi*, bls. 122-127. Reykjavík: Hvöt – landsamband Sjálfstæðis-kvenna.
- Jafnréttisstofa (2007). *Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008*. Sótt 4. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=135&malnr=142&dbnr=214&nefnf=ft>.
- Jafnréttisstofa (2008). *Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og frambaldsskóla, nr. 87/2008*. Sótt 6. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=135&malnr=285&dbnr=1314&nefnf=m>.
- Jóhanna Sigurðardóttir (2007). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008*. Sótt 22. febrúar 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/raeda/135/rad20071101T105702.html>.
- Kennarasamband Íslands (1995). Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á námskrám og kennslubókum með hlíðsjón af menntunarákvæðum jafnréttislaga. Óbirt heimild.
- Kolbrún Halldórsdóttir (2000). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000*. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/125/02/r01145242.sgml>.
- Kristín Ástgeirsdóttir (1994). *Þingræða um tillögu Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, Kristínar Ástgeirsdóttur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Guðrúnar J. Halldórsdóttur og Bjarkar Jóhannsdóttur til þingsályktunar um úttekt á námskrám og kennslubókum með hlíðsjón af menntunarákvæðum jafnréttislaga*. Sótt 5. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/118/12/r02135734.sgml>.
- Kristín Ástgeirsdóttir (1995). *Þingræða um frumvarp til laga nr. 66/1995, um grunnskóla*. Sótt 5. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/118/11/r01154642.sgml>.
- Kristín Jónsdóttir (2007). „Hlustaðu á þína innri rödd“. *Kvennaframbod í Reykjavík og Kvennalisti 1982-1987*. Reykjavík: Sögufélagið.
- Kristín Halldórsdóttir (1985). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 65/1985*. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=200<hing=107&dalkur=365>.
- Kvenfélagasamband Íslands (2007). *Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008*. Sótt 4. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=135&malnr=142&dbnr=330&nefnf=ft>.
- Landssamtökin Heimili og skóli (1995). *Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á*

Stjórnmal og stjórnsýsla vefþimarit (fræðigreinar)

- námskrám og kennslubókum með hliðsjón af menntunarákvæðum jafnréttis laga.* Óbirt heimild.
Lög um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, nr. 98/2006.
Lög um grunnskóla, nr. 49/1991.
Lög um grunnskóla, nr. 66/1995.
Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.
Lög um háskóla, nr. 63/2006.
Lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, nr. 65/1985.
Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008.
Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991.
Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.
Lög um jafnstöðu kvenna og karla, nr. 78/1976.
Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008.
Menntamálaráðuneytið (1998). Íslenska skólakerfið. Reykjavík. Sótt 8. mars 2009 á slóðina:
http://bella.stjr.is/utgafur/Islenka_skolakerfid.pdf.
Menntamálanefnd (2008). *Breytingartillögur við frumvarp til laga nr. 91/2008, um grunnskóla.* Sótt 8. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/135/s/1008.html>.
Námshagstofnun (1995). Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á námskrám og kennslubókum með hliðsjón af menntunarákvæðum jafnréttis laga. Óbirt heimild.
Ólafur G. Einarsson (1995). *Þingræða um fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur til menntamála-ráðherra um framkvæmd menntunarákvæða jafnréttis laga.* Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/118/s/0596.html>.
Pétur Blöndal (2007). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla,* nr. 10/2008. Sótt 22. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/raeda/135/rad20071101T142646.html>.
Ragnhildur Helgadóttir (1985). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna,* nr. 65/1985. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=201<hing=107&dalkur=370>.
Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafraeðum (2007). *Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla,* nr. 10/2008. Sótt 4. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=135&malnr=142&dbnr=559&nefnd=ft>.
Rees, T. (1998). *Mainstreaming Equality in the European Union.* London: Routledge.
Róbert Marshall (2007). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla,* nr. 10/2008. Sótt 22. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/raeda/135/rad20071101T124101.html>.
Samandregnar upplýsingar um meðferð Alþingis á þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára 2004-2008 (e.d.). Sótt 2. mars 2009 á vef félagsmálaráðuneytis:
http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/jafnretti_til_fjogurra_ara.pdf.
Samband foreldrafélaga í grunnskólum Reykjavíkur (1995). Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á námskrám og kennslubókum með hliðsjón af menntunarákvæðum jafnréttis laga. Óbirt heimild.
Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum (1985). Alþingi, 10. október, 1985. Sótt 5. apríl 2010 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/lagas/137/1985005.html>.
Sigriður Dúna Kristmundsdóttir (1985). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna,* nr. 65/1985. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:

- <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=6102<hing=107&dalkur=6807>
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (1987a). *Fyrirspurn til félagsmálaráðherra um framkvæmd jafnréttisfræðslu*. Sótt 8. mars 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2674<hing=109&dalkur=2886>.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (1987b). *Fyrirspurn til félagsmálaráðherra um framkvæmd jafnréttisfræðslu*. Sótt 8. mars 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2676<hing=109&dalkur=2888>.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (1987c). *Þingræða um framkvæmdaáætlun til að ná fram jafnrétti kynjanna*. Sótt 22. febrúar 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2687<hing=109&dalkur=2906>.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (1987d). *Þingræða um stöðu og þróun jafnréttismála*. Sótt 10. mars 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2611<hing=109&dalkur=2791>.
Sigurlaug Bjarnadóttir (1976). *Þingræða um frumvarp til laga um jafnstöðu kvenna og karla, nr. 78/1976*. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2074<hing=97&dalkur=2493>.
Siv Friðleifsdóttir (1996a). *Þingræða um fyrirspurn Sívjar Friðleifsdóttur til menntamálaráðherra um jafnréttisfræðslu í skólum*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/121/11/r20150147.sgml>.
- Siv Friðleifsdóttir (1996b). *Þingræða um fyrirspurn Sívjar Friðleifsdóttur til menntamálaráðherra um jafnréttisfræðslu í skólum*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/121/11/r20151749.sgml>.
- Siv Friðleifsdóttir (1996c). *Þingræða utan dagskrár um stöðu jafnréttismála*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/121/11/r04160613.sgml>.
- Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2009* (2009). Sótt 1. mars 2009 á vef félagsmálaráðuneytis:
- http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/Jafnrettisthing09/Jafnrth2009_net.pdf.
- Skýrsla félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna* (1986). Sótt 8. mars 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/109/s/pdf/0229.pdf>.
- Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála* (lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986). Þskj. 230 – 215. mál Sp. (1986). Sótt 8. mars 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/109/s/pdf/0230.pdf>.
- Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002-2004* (2003-2004). Sótt 8. mars 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/130/s/1332.html>.
- Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnar til að ná fram jafnrétti kynjanna 1998-2001* (2000-2001). Sótt 8. mars 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/126/s/1433.html>.
- Steingrímur J. Sigfússon (2000). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000*. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/125/05/r08193026.sgml>.
- Svava Jakobsdóttir (1976a). *Þingræða um frumvarp til laga um jafnstöðu kvenna og karla, nr. 78/1976*. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:
- <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=2073<hing=97&dalkur=2489>.
- Svava Jakobsdóttir (1976b). *Þingræða um frumvarp til laga um jafnstöðu kvenna og karla, nr.*

- 78/1976. Sótt 8. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=3708<hing=97&dalkur=4361>.
- Svavar Gestsson (1985). *Þingræða um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna*, nr. 65/1985. Sótt 20. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=438<hing=107&dalkur=648>.
- Svavar Gestsson (1996). *Þingræða um fyrirspurn Sívjar Friðleifsdóttur til menntamálaráðberrna um jafnréttisfræðslu í skólum*. Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/121/11/r20151507.sgml>.
- Vilborg Harðardóttir (1976). *Breytingartillögur við frumvarp til laga um jafnstöðu kvenna og karla*, nr. 78/1976. Sótt 21. febrúar 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/97/s/pdf/0829.pdf>.
- Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum 2004-2008* (2004). Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/130/s/1870.html>.
- Þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 1993-1997* (1992-1993). Sótt 2. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/116/s/1230.html>.
- Þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 1998-2001* (1998). Sótt 1. mars 2009 á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/122/s/1452.html>.
- Þorgerður Einarsdóttir (2002). Jafnrétti án femínisma – pólitík án fræða? *Ritid* 3: 9-36. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þorgerður Einarsdóttir (2007). „Aumingjahjálpi eða afbygging á umframvaldi: Sérþækar aðgerðir, jákvæð mismunun og kvótar í íslenskri jafnréttisumræðu“, í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.), bls. 391-402. *Rannsóknir í félagsvísindum VIII. Erindi flutt á ráðstefnu í desember 2007*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan .

